

# Heildsöluskilmálar og verðskrá fyrir ljósleiðarasambönd Snerpu ehf.

- 10. júlí 2026 -

Tekur gildi strax fyrir nýjar tengingar. Tekur gildi frá 1. október 2026 fyrir tengingar í notkun.

## 1. Almennt

1.1 Snerpa selur fjarskiptafyrirtækjum (leigutökum) leigð ljósleiðarasambönd (e. dark fiber) á milli tengistaða (stofnnet) og um heimtaugar (aðgangsnet) í heildsölu. Forsenda fyrir heildsölu er að leigutaki sé virkt fjarskiptafyrirtæki sem nýtir almennt fjarskiptasambönd til endursölu til þriðja aðila. Ljósleiðarasamband er óvirk gagnaflutningsleið án endabúnaðs milli tveggja endapunkta um einn eða fleiri tilgreinda ljósleiðaraþræði.

1.2 Ljósleiðarasambönd eru leigð í því ástandi sem þau eru í. Ljósleiðari er að jafnaði skv. G.652d staðli með deyfingu  $0,42 \text{ dB/km} \pm 0,04 \text{ dB/km}$  mv. 1310 nm bylgjulengd samkvæmt raunlengd strengs. Búast má við eðlilegu viðbótartapi vegna samtenginga strengja á viðkomandi leið eða viðgerða og breytinga á honum. Snerpa ábyrgist ekki að hægt sé að nýta ljósþræði fyrir búnað sem þolir illa meiri deyfingu en sem þessu nemur og ber leigutaki ábyrgð á að mæla deyfingu ef þörf er talin á.

1.3 Leigutaki er réttthafi viðkomandi sambands og ber fulla ábyrgð á notkun þess og leigugreiðslum fyrir það skv. gildandi verðskrá á hverjum tíma. Skilmálar þessir jafngilda samningi leigutaka um leigu á ljósleiðarasamböndum skv. samþykktari pöntun frá leigutaka.

1.4 Hafi samningsaðili brotið gegn samningi þessum að mati gagnaðila, ber honum að senda skriflega áminningu um úrbætur til brotlega aðilans. Hafi hann ekkert aðhafst innan 30 daga er heimilt að rifta samningi þessum án frekari fyrirvara og verður þá brotlegi aðilinn að bera allan kostnað sem af því hlýst.

1.5 Leigugjald er greitt mánaðarlega fyrirfram. Um leigu gilda fyrirvarar skv. þessum skilmálum og verðskrá og einnig gilda almennir viðskiptaskilmálar Snerpu sem birtir eru á heimasíðu Snerpu. Þar sem ákvæði þessara skilmála og verðskrár annarsvegar og almennir viðskiptaskilmálar Snerpu hinsvegar stangast á, gilda ákvæði og fyrirvarar í þessari verðskrá.

1.6 Hæstu leyfilegu dráttarvextir, auk innheimtukostnaðar, reiknast af skuld eftir eindaga. Veruleg vanskil á leigugreiðslum eða ógjaldfærni leigutaka geta leitt til þess að Snerpa rifti einum, fleiri eða öllum samningum við viðkomandi viðskiptamann. Komi til samningsriftingunar er Snerpu heimilt að aftengja ljósleiðara sem leigutaki hefur til afnota án fyrirvara. Viðskiptamaður á ekki rétt á neinum bótum komi slík staða upp. Vanskil teljast alltaf veruleg ef 60 dagar eru liðnir frá eindaga reiknings.

1.7 Um fjarskiptabjónustu gilda lög um fjarskipti nr. 81/2003 ásamt síðari breytingum. Brot á lögum og reglum Fjarskiptastofu geta valdið tafarlausri lokun á bjónustu.

## 2. Fyrirvarar

- 2.1 Snerpa áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum þessum eða tilgreindu verði og eru slíkar breytingar kynntar á viðeigandi stað á vefnum [www.snerpa.is](http://www.snerpa.is) með a.m.k. 60 daga fyrirvara séu þær meiri en sem nemur breytingu á neysluverðsvísitölu frá síðustu verðbreytingu jafnað að næstu krónu. Sætti leigutaki sig ekki við breytingarnar eða verðbreytingar sem eru meiri en sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu skal hann tilkynna um slíkt innan 30 daga og tekur þá uppsögn á samningnum gildi um leið og skilmála- eða verðbreytingarnar og þarf leigutaki þá ekki að greiða útgöngugjald sbr. lið 4.2
- 2.2 Snerpu er heimilt, í þeim tilfellum þar sem leigutaki rekur eigið ljósleiðaranet, að reikna afslátt eða álag á einingaverð til samræmis við almenna verðskrá og skilmála viðkomandi leigutaka fyrir sambærilega bjónustu. Snerpa áskilur sér rétt til að hafna beiðnum um tiltekna bjónustu, reki leigutaki eigið ljósleiðaranet en býður sjálfur ekki sambærilega bjónustu á sínu neti.
- 2.3 Leigutaka ljósleiðarasambands er óheimilt án sérstaks leyfis frá Snerpu að samnýta eða endurselja samband til annars fjarskiptafyrirtækis sem uppfyllir skilyrði til að leigja samband sbr. lið 1.1. Þó er heimilt að samnýta eða endurselja til slíks aðila á grundvelli samstarfssamnings sem hlotið hefur sérstakt samþykki Fjarskiptastofu og þá eingöngu vegna sambanda sem falla undir gildissvið slíks samstarfssamnings.
- 2.4 Snerpa ábyrgist ekki tjón sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem verða kunna á rekstri ljósleiðara- eða fjarskiptakerfis Snerpu, hvort sem slíkt má rekja til bilunar, rofs eða annarra ástæðna.
- 2.5 Um einstaka leiðir geta gilt frekari fyrirvarar sem er vísað til í verðskrá eða almennum skilmálum Snerpu.

## 3. Skilgreiningar

- 3.1 Tenging verður aðeins gerð í samráði við Snerpu og með þeim hætti sem Snerpa samþykkir. Við tengingar og breytingar skal fylgja verklagsreglum sem leigutaki skal óska eftir við hverja tengingu.
- 3.2 Vegalengdir miðast við loftlínu á milli endapunkta tengingar í stofnneti jafnað að næsta heila km. Afhendingarstaður í stofnneti er að jafnaði í tengibrunni Snerpu eða í aðstöðu í tækjahúsi (tengistað) þar sem stofnstrengur er tekinn inn. Aðstaða fyrir búnað leigutaka er ekki innifalin í tilgreindu leigugjaldi.
- 3.3 Fyrir aðgang að heimtaug sem tengist eða er hluti af ljósleiðaraneti Snerpu er greitt fast gjald óháð fjarlægð og er það hið sama óháð því hver telst eigandi heimtaugar.

- 3.4 Í einstökum tilfellum, þar sem heimtaug er tengd beint inn á stofnnet og viðkomandi ljósþráður í stofnnetinu er eingöngu notaður fyrir þá heimtaug, t.d. í dreifbýli - og Snerpa samþykkir slíka notkun, telst slík heimtaug vera í aðgangsneti.
- 3.5 Við heimtaugar er óheimilt að tengja fleiri en eitt heimili, smávirkjun, veiðihús, stakt sumarhús og álíka rekstur. Leigutaki skal í sínum notkunarskilmálum setja ákvæði sem bannar endanotanda að nota heimtaug í öðrum tilgangi en til eigin nota. Víkja má frá þessu ákvæði tímabundið með samþykki Snerpu enda séu uppi rökstuddar aðstæður.
- 3.6 Þurfi heimtaug að hluta til að vera tengd um streng í eigu þriðja aðila, skal leigutaki semja beint við eiganda þess strengs um afnot af ljósþræði í honum með sömu formerkjum og í lið 3.4-3.5.
- 3.7 Að öllu jöfnu telst til stofnnets aðalleið milli tengistaða þar sem fjöldi þráða í streng er 24 eða fleiri þræðir. Þræðir í streng sem að öllu jöfnu telst vera í stofnneti geta talist í aðgangsneti, séu þeir tengdir við heimtaug á öðrum endanum. Leiki vafi á hvort tiltekin strengleið telst stofnnet, aðgangsneta eða heimtaug, sker Snerpa úr um skilgreiningu.

## 4. Tenging, viðhald, samningstími og skil í lok samningstíma

- 4.1 Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á strengjum eða tengingum. Í einstökum tilfellum getur verið stofnkostnaður vegna tiltekinna leiða. Ef gera þarf tengingar, breytingar eða aftengingar bætist við leiguna einskiptiskostnaður sem er tíma-, efnis- og tækjakostnaður í samræmi við umfang breytinga.
- 4.2 Lágmarksleigutími hverrar leiðar í stofnneti er 3 ár. Sé leiguleið sagt upp innan 3ja ára greiðist útgöngugjald sem er 1/3 af þeim leigutíma sem eftir er af lágmarkstímanum. Uppsagnarfræstur eftir þriggja ára lágmarkstímann er einn mánuður sem byrjar að líða næstu mánaðamót eftir að uppsögn berst.
- 4.3 Óheimilt er að tengja við strengi búnað sem ekki er CE-merktur. Búnaður skal uppfylla ákvæði R&TTE 1999/5/EC og framleiddur í samræmi við viðeigandi staðla sem gilda á Íslandi og reglur Fjarskiptastofu. Leigutaki ber einn ábyrgð á skemmdum sem búnaður hans veldur á strengnum eða einstökum ljósþráðum í honum.
- 4.4 Verði bilun á ljósleiðarasambandi skal hún tilkynnt til Snerpu í síma 5204000. Bilanatilkynningum, viðgerðum og annarri þjónustu vegna leigu á ljósleiðarasamböndum er sinnt virka daga kl. 8-12 og 13-17 og utan þess í síma 8404000. Tilkynni leigutaki um bilun í ljósleiðarasambandi og í ljós kemur að ekki er um að ræða bilun í ljósleiðarasamböndum eða búnaði þeim tengdum í eigu Snerpu, innheimtir Snerpa kostnað vegna útkalls og tæknivinnu samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Skipulagt viðhald sem framkallar eða kann að framkalla rof á ljósleiðarasamböndum verður tilkynnt leigutaka með hæfilegum fyrirvara

- 4.5 Fari ljósþráður um mannvirki sem er háð reglum um aðgang og umgengni og leigutaki þarf af einhverjum ástæðum aðgang að slíku mannvirki greiðir leigutaki allan kostnað sem slíkum reglum fylgir, þ.m.t. fylgdarþjónustu skv. gjaldskrá hverju sinni.
- 4.6 Við skil í lok leigutíma gildir að leigutaki skal skila ljósþráðum og strengendum í sama ástandi og þeim var tekið við í, nema annað sé sérstaklega samþykkt af Snerpu. Leigutaka er með öllu óheimilt að tengja, breyta eða aftengja streng, gera við eða láta verktaka eða aðra gera við bilanir eða slit á streng eða ljósþræði nema samkomulag sé um annað. Allar bilanir eða slit, skal tilkynna um til Snerpu sem sér til þess að viðgerð fer fram svo fljótt sem auðið er.

## 5. Verðskrá

- Allt tilgreint verð er mánaðargjald án virðisaukaskatts.
- Á leið sem liggur bæði um þéttbýli og dreifbýli reiknast öll leiðin að jafnaði skv. þeim hluta sem er meira en 50% af línuleið milli endapunkta.
- Þéttbýli er þar sem minna en 200 m. eru á milli húsa í þyrpingu sem er a.m.k 10 hús. Allt annað telst dreifbýli.
- Km-verð miðast við loftlínu milli endapunkta þar sem tekið er við sambandi eða það afhent. Afsláttur skv. tilboði er gefinn á lengri línuleiðum.
- Stofngjald á ljósþráðum er lágmarksgjald pr. úthlutun. Einnig er greitt skv. útlagðri vinnu og ferðakostnaði við upptengingu ef um slíkt er að ræða.

Ljósþræðir í stofnneti - km-gjald	Fyrirvari	Verð
Ljósþráður í stofnneti þéttbýli pr. km.		17.312
Ljóspar í stofnneti þéttbýli pr. km.		20.354
Ljósþráður í stofnneti dreifbýli pr. km.		7.347
Ljóspar í stofnneti dreifbýli pr. km.		10.286
<b>Ljósþræðir í aðgangsneti – óháð fjarlægð</b>		
Ljósþráður í aðgangsneti		13.770
Ljóspar í aðgangsneti	1	19.370
Aðgangur að ljósheimtaug	2,3,4,5	230
<b>Ljósþræðir – sérlausnir</b>		
Samtengitrunkur milli skápa pr. þráð.	5	1.150
Stofngjald svartur fíber lágmarksgjald		89.960

### Fyrirvarar

1. Til eigin virðisaukandi þjónustu fjarskiptafyrirtækis.
2. Samnýting til fleiri en eins aðila óheimil. Heimtaugargjald er innheimt hjá notanda.
3. Heimilistenging – 2. þjónustuflokkur. Innifalið pláss fyrir ljóshillu eða GPON-splitterhillu í skáp.
4. Óbundin leiga. Fyrsti og síðasti mánuður greiðast sem heilir mánuðir, uppsögn tekur gildi í lok þess mánaðar sem hún er send inn í.
5. Innanhúss eða milli skápa. Ljóstengi (port) og/eða tengiskott í ljóshillum innifalið.